



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningar við Schola cantorum, Sequences, Mengi og Hjólið III, IV og V samþykktir

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þ. 27. janúar sl. voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi hjálagðir samstarfssamningar: Schola cantorum 2020-2022, Sequences 2020-2022, Mengi 2020-2022 og Hjólið III, IV og V 2020-2022.

Samningarnir voru samþykktir og er hér með vísað til borgarráðs.

Einnig er hjálagður ársreikningur Mengis fyrir árið 2018, kostnaðaruppgjör vegna Sequences árið 2017 og greinargerð vegna Hjólsins II árið 2019.

Fyrir hönd menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs

Inga María Leifsdóttir
verkefnastjóri á skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur við Schola cantorum 2020-2022
Samstarfssamningur við Sequences 2020-2022
Samstarfssamningur við Mengi 2020-2022
Samstarfssamningur við Hjólið III, IV og V 2020-2022
Ársreikningur Mengis 2018



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið
Kostnaðaruppgjör Sequencecs 2017
Greinargerð vegna Hjólsins II árið 2019

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík með verkefnið Hjólið áfangar III, IV og V kt. 600479-0329 gera með sér svofelldan

SAMSTARFSSAMNING

**um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Hjólið áfanga III, IV og V
á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.**

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við spennandi útiverkasýningarröð á vegum Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík sem mun auðga hverfi borgarinnar með myndlist og verður sérstök áhersla lögð á staði og hverfi þar sem myndlistarverk eru fá.

2. gr. Markmið Hjólsins áfanga III, IV og V

Hjólið er sýningarverkefni sem Myndhöggvarafélagið í Reykjavík stendur fyrir í tilefni af 50 ára afmæli félagsins. Afmælið verður í ágúst árið 2023 og er áformað að halda í heild 5 sýningar í aðdraganda afmælisins. Sýningaröðin Hjólið er einstakt verkefni á sviði íslenskrar myndlistar en aldrei hefur sýningarröð af þessu umfangi verið skipulögð í opinberu rými Reykjavíkur. Andi verkefnisins berst á vissan hátt frá Strandlengjunni, útilistasýningu sem MHR hélt í tveimur áföngum í kringum síðustu aldamót og vakti mikla athygli. Núverandi verkefni hefur þegar náð að nýta myndlist á skipulegan hátt til að efla menningarlega sýn íbúa á afmörkuðum svæðum í borginni. Nokkur þeirra verka sem þegar hafa verið sýnd undanfarin tvö ár hafa fengið að standa til frambúðar, íbúum og vegfarendum til yndisauka.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík vegna Hjólsins áfanga III, IV og V til í beinum fjárframlögum kr. 2.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þann 1.-3. mars

kr. 1.000.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0301 13 113149

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til sammingsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Hjólsins áfanga III, IV og V

Hjólið er árviss útiverkasýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík sem sett er upp í hverfum þar sem myndlistarverk eru fá. Á hverri sýningu sýna 10 listamenn verk sín og vinna þau í samhengi við það nærumhverfi sem þau birtast í. Nú þegar er búið að framkvæma 2 fyrstu hluta verkefnisins „Í fallvelli heimsins“ sem átti sér stað í beggja vegna Miklubrautar austan Kringlumýrarbrautar sumarið 2018 og „Úthverfi“ sett upp í Breiðholti sumarið 2019. Árið 2020 er áformað að sýningin eigi sér stað í íbúða- og iðnaðarhverfum beggja vegna Grafarvogs með miðstöð á Korpúlfsstöðum. Árið 2021 verður sýningin haldin í hverfum beggja vegna Sundabrautar. Árið 2022 verður sýningin haldin í Vesturbæ

borgarinnar með miðstöð í húsnæði Myndhöggvarafélagsins í Nýlendugötu, sem á einkar vel við á afmælisári félagsins.

5. gr. Kynningarmál

Myndhöggvararafélagið í Reykjavík vegna Hjólsins áfangar III, IV og V ber ábyrgð á markaðssetningu verkefnisins. Á öllu kynningarefni Hjólsins jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að verkefnið sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Hjólið eru kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Myndhöggvararafélagið í Reykjavík vegna Hjólsins áfanga III, IV og V ber ábyrgð á starfsemi verkefnisins, fagmennsku þess og gæðum. Hjólið ber ábyrgð á skuldbindingum sem verkefnið eða aðilar á vegum verkefnisins stofnar til í tengslum við þennan samning. Hjólinu er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Myndhöggvararafélagið í Reykjavík vegna Hjólsins áfanga III, IV og V. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í apríl ár hvert 2021, 2022 og 2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Myndhöggvararafélagið í Reykjavík leggur þá fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Myndhöggvararafélagið í Reykjavík vegna Hjólsins áfanga III, IV og V hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Myndhöggvararafélagið í Reykjavík hefur sýnt fram á að verkefnið muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar,- íþróttta og tómstundaráðs dags. 13.1.2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2022.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Myndhöggvararafélagsins í
Reykjavík vegna Hjólsins áfanga III, IV og V

Vottar

Nafn

Kennitala

**Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Mengi/Hlutmengi ehf
kt. 610317-3080 gera með sér svofelldan
SAMSTARFSSAMNING
um fjárstuðning Reykjavíkurborgar Mengi á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.**

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við listalíf í Reykjavíkurborg með því að styðja við rekstur á menningarhúsinu Mengi við Óðinsgötu 2 og starfsemi á þess vegum.

2. gr. Markmið Mengis

Markmið Mengis er:

- Að er að halda úti metnaðarfullri menningardagsskrá í miðbæ Reykjavíkur allt árið um kring
- Að gera listamönnum í Reykjavík kleift að halda viðburði án þess að fjárhagslegar byrgðar séu lagðar á þá
- Að vera heimili og vettvangur fyrir alls konar nýja og forvitnilega list; tónlist, leikhús, dans, myndlist, gjörninga, bókmenntir og kvikmyndir
- Að endurvekja Krakkamengi á komandi ári með ókeypis listkennslu og listupplifunum fyrir börn. Einnig stendur til að halda ókeypis tónlistarsmiðjur fyrir unglínga og ungt fólk
- Að áframhaldandi farsælt samstarf verði við hátíðir á borð við Reykjavík Midsummer Music, Listahátíð Reykjavíkur, Lókal, Sequences, Extreme Chill Festival, Myrka Músíkdaga, Iceland Airwaves, Tectonics, Reykjavík Dance Festival og Raflost
- Vera vettvangur fyrir hið óvænta og leitandi, tilraunakennda og framsækna, það sem ýtir við og ögrar, kveikir spurningar og snýr viðteknum hugmyndum á hvolf
- Að vera vettvangur fyrir hvort tveggja íslenska og erlenda listamenn

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Mengi til í beinum fjárframlögum kr. 2.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þann 1.-3. mars

kr. 1.000.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0515-26-610317

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Mengis og forsaga

Mengi skipuleggur og rekur menningarhúsið Mengi árin 2020, 2021 og 2022 með starfsemi sem tekur mið af 2. grein samningsins.

Mengi listrými við Óðinsgötu 2, var opnað í desember árið 2013. Staðurinn hefur frá upphafi verið hugsaður sem vettvangur fyrir tilraunakennda og áhugaverða list, sem staður fyrir listamenn til að þróa sig áfram og finna sína rödd. Mengi er rými sem listamenn nýta sér að kostnaðarlausu og fá þeir 65% af innkomu miðasölu. Hróður Mengis hefur vaxið jafnt og þétt á árunum frá opnun þess og má fullyrða að Mengi sé sannarlega mikilvægur partur af blómlegu menningarlífi Reykjavíkurborgar. Mengi er opið allt árið um kring og býður upp á tilraunakennda list úr öllum geirum listalífsins. Mengi hefur auk þess átt í farsælu samstarfi við vel flestar listahátíðir borgarinnar sem og við Listaháskóla Íslands.

5. gr. Kynningarmál

Mengi ber ábyrgð á markaðssetningu menningarhússins. Á öllu kynningarefni Mengis jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Mengi sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Mengi er kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Mengi ber ábyrgð á starfsemi menningarhússins, fagmennsku þess og gæðum. Mengi ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Mengi er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Mengi. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í október ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Mengi leggur þá fram endurskoðuð uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Mengi hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Mengi hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar,- íþróttá og tómstundaráðs dags. 13.1.2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2022.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, xxxxxxx

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Mengis

Vottar

Nafn

Kennitala

**Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Schola cantorum kammerkór
kt. 550597-2849 gera með sér svofelldan**

SAMSTARFSSAMNING

**um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Schola cantorum kammerkór
á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.**

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að viðhalda og tryggja öfluga starfsemi Schola cantorum með fjárhagslegum stuðningi til að renna stoðum undir mikilvægt hlutverk hans sem atvinnukór í Reykjavík.

2. gr. Markmið Schola cantorum

Starfsemi Schola cantorum hefur frá stofnun 1996 verið fjölbreytt, öflug og metnaðarfull sem hefur skilað sér í ýmsum viðurkenningum svo sem Tónlistarhópur Reykjavíkur 2006, tilnefning til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2007, Tónlistarflytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar árið 2016 á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Markmið styrkumsóknar miðast við að viðhalda og tryggja öfluga starfsemi Schola cantorum íslensku menningarlífi til handa. Markmið Schola Cantorum er að halda uppi kraftmikilli starfsemi atvinnukórs í víðfemu ríki kóra í íslensku tónlistarlandslagi. Mikið er leitað til Schola cantorum með krefjandi verkefni sem þarf að vinna vel innan ákveðins tímaramma.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Schola cantorum kammerkórs til í beinum fjárframlögum kr. 1.500.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þann 1.-3. mars

kr. 500.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 513-26-550597

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfsemi kórsins að breytttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Schola cantorum

Schola cantorum, sem skipaður er 20 atvinnusöngvurum, tekur að sér að framkvæma eftirtalin verkefni á samningstímanum:

Óratóriurnar Vespro della Beata Vergine (1610) eftir Monteverdi og The Gospel of Mary (2021) eftir Huga Guðmundsson verða æfð og flutt í bland við efnisskrár með íslenskri og erlendri kórtónlist án undirleiks. Áætlað er að kórin komi fram í Hallgrímskirkju, Stokkhólmi (Þýska kirkjan), Kaupmannahöfn (Slotskirkjan í Fredriksborg), Osló (Kirkjutónlistarhátíðir) og Normandí (kirkjulistahátíðir). Á döfinni eru upptökur og útgáfur þriggja geisladiska, Meditatio II með

undirleikslausum kórverkum eftir íslenska og erlenda höfunda (Hreiðar Inga Þorsteinsson, Sigurð Sævarsson, Auði Guðjohnsen, Hafstein Þórólfsson, Hauk Tómasson, Þóru Marteinsdóttur, Ola Gjeilo, Samuel Barber, Pärt Uusberg, Daniel Elder, John Tavener, Paul Mealor og John Hearne.), jóladiskur með íslenskum jólalögum og Portrettdiskur með kórverkum eftir Sigurð Sævarsson. Einnig gerir kórinn ráð fyrir ófyrirséðum verkefnum við ýmis tilefni líkt og undanfarin ár.

5. gr. Kynningarmál

Schola cantorum ber ábyrgð á markaðssetningu kórsins. Á öllu kynningarefni Schola cantorum jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Schola Cantorum sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Schola cantorum er kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Schola cantorum ber ábyrgð á starfsemi kórsins, fagmennsku þess og gæðum. Schola cantorum ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Schola cantorum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Schola cantorum. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í október ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Schola cantorum leggur þá fram endurskoðuð uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Schola cantorum hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Schola cantorum hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar,- íþróttá og tómstundaráðs dags. 13.1.2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2022.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Schola cantorum

Vottar

Nafn

Kennitala

**Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Sequences myndlistarhátíð
kt. 550307-0140 gera með sér svofelldan**

SAMSTARFSSAMNING

**um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Sequences myndlistarhátíð
á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.**

1. gr. Markmið

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styrkja þróun og stöðu myndlistar í Reykjavík og veita almenningi tækifæri til að fá innsýn inn í það sem á sér stað í samtímamyndlist hverju sinni. Sequences er eina myndlistarhátíð höfuðborgarinnar og hefur fest sig í sessi sem metnaðarfullur myndlistartvíæringur sem nýtur trúverðugleika héraðs og erlendis. Hátíðin setur svip á borgarlífið þá daga sem hún stendur yfir og er liður í að efla ímynd Reykjavíkurborgar sem framsækinnar og fjölbreyttrar menningarborgar sem eftirsóknarvert er að búa í og áhugavert að heimsækja.

2. gr. Markmið Sequences

Markmið Sequences er:

- Að standa fyrir öflugum 10 daga myndlistarviðburði annað hvert ár
- Að vera framsækinn sýningarvettvangur sem veitir almenningi góðan aðgang að samtímamyndlist
- Að Sequences sé alltaf lifandi vettvangur fyrir listasenuna í Reykjavík
- Að hlúa að og efla tengslanet hátíðarinnar, innanlands og erlendis
- Að laða til Reykjavíkur stærri hóp áhrifafólks úr hinum alþjóðlega listheimi
- Að byggja upp samband við stuðningsaðila til að auðvelda fjármögnun
- Að halda áfram að stuðla að gerð nýrra verka og vera vettvangur fyrir myndlistarmenn til að vinna skilyrðislaust að verkum sínum og sýna þau

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Sequences til í beinum fjárframlögum kr. 2.500.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þann 1.-3. mars

kr. 1.500.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0101-15-630257

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Framlag Sequences og forsaga

Sequences tekur að sér að halda tvíæringinn Sequences árið 2021 með undirbúningi 2020. Næsta hátíð verður undirbúin 2022 og haldin árið 2023. Framkvæmd hátíðarinnar tekur mið af 2. grein samningsins.

Sequences er myndlistarhátíð sem spratt úr grasrótinni í Reykjavík og hefur verið haldin annað hvort ár frá 2006. Frá upphafi hefur verið lagt upp með að Sequences sé í höndum myndlistarmanna og listamannarekinna stofnana og að þar ríki andi frumkvæðis, tilrauna og áræðni. Allir helstu sýningarstaðir og menningarstofnanir í Reykjavík hafa starfað með hátíðinni á einn eða annan hátt. Sequences er eina myndlistarhátíðin í Reykjavík og hefur getið sér gott orð sem einbeitt hátíð sem veitir almenningi mikilvægan aðgang að samtímalist. Búið er að byggja traustan og faglegan grunn sem Sequences stendur nú á og hátíðin hefur fest sig í sessi sem metnaðarfullur myndlistartvíæringur.

Sequences er eins konar flæðandi strúktúr sem fylgir takti senunnar hverju sinni, þenst út, hreyfist og dregst saman eftir þörfum. Í forgrunni er sýningarstýrð myndlistarhátíð, þar sem opnaðar eru sýningar á mörgum stöðum samhliða og haldið er úti dagskrá eftir því sem við á hverju sinni. Í upphafi var miðað við að Sequences stæði yfir í 10 daga og raunin er að opnanir, viðburðir og margvísleg dagskrá rúmast á þessum 10 dögum, en lykilsýningar eru opnar í allt að 6 vikur.

Árið 2013 var gerð áherslubreyting og ákveðið að lagt yrði upp úr að flytja þekkingu og tengsl á milli hátíða, en hún hafði áður verið byggð algerlega frá grunni hverju sinni. Þessi þróun hefur verið mikil gæfa og myndað samfellu á milli hátíða. Sem dæmi má nefna skipulag í kringum ýmsa þætti framkvæmdarinnar, s.s. tímaáætlun, ráðningu sýningarstjóra, framleiðslu nýrra verka, samstarf og samskipti við ýmsa hagsmunaaðila og erlenda blaðamenn, gerð umsókna, gerð kynningarefnis, skjalavörslu vinnuskjala og gagna, og ekki síst hvað varðar gæði á sýningum og forgangsröðun verkefna með tilliti til þess hvernig best má nýta það fjármagn sem aflast hverju sinni. Hver hátíð hefur haft sín sérkenni og hver og ein tekist með miklum eindæmum, verið ágætlega sóttar af fjölbreyttum hópi fólks og hlotið lof gagnrýnenda, innanlands sem utan. Sequences var, er og verður til í miklum samtakamætti listamanna, enda eru þau óteljandi handtökin sem þarf að vinna til að slík hátíð líti dagsins ljós. Segja má að það sé mesti styrkur hátíðarinnar, að um hana ríki einhugur í myndlistinni á Íslandi.

5. gr. Kynningarmál

Sequences ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni Sequences jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Sequences sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Sequences er kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

6. gr. Ábyrgð

Sequences ber ábyrgð á starfsemi menningarhússins, fagmennsku þess og gæðum. Sequences ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Sequences er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Sequences. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í október ár hvert 2020, 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Sequences leggur þá fram endurskoðuð uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Sequences hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Sequences hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs dags. 13.1.2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2022.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík,

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Sequences

Vottar

Nafn

Kennitala

HLUTMENGI

ÁRSREIKNINGUR

2018

Hlutmengi ehf.
Nóatúni 17
105 Reykjavík
kt. 610317-3080

REKSTRARREIKNINGUR:

Seldar vörur og þjónusta	13.212.658
Styrkir	5.279.625
Rekstraretkjur alls	18.492.283

REKSTRARGJÖLD:

Vörumotkun	7.440.250
Laun og launatengd gjöld	11.276.279
Annar rekstrarkostnaður	4.116.762
Afskriftir	61.952
Rekstrargjöld alls	22.895.243
Hagnaður (tap) án fjármagnslíða	(4.402.960)

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:

Vaxtatekjur og verðbætur	18.378
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(162.979)
Hagnaður (tap) af reglulegri sárfsemi	(4.547.561)
Hagnaður (tap) ársins	(4.547.561)



Greinargerð um ráðstöfun styrkfjár

Greinargerð skal skilað þegar viðkomandi verkefni er að fullu lokið í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

Hægt er að fylla út greinargerðina og senda hana sem viðhengi á netfangið styrkir@reykjavik.is

Styrkþegi:	Kennitala:
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík	600479-0329
Netfang:	Símanúmer:
comet@simnet.is	8608468
Tengiliður (ef annar en umsækjandi):	Kennitala:
Haraldur Jónsson	230461-6519
Heiti verkefnis:	
Hjólíð II — Úthverfi	
Tímasetning verkefnis:	Upphæð styrkfjár:
1. september 2018 – 1. september 2019	2.000.000

Uppgjör:

Gjöld:	
Laun sýningarstjóra	2 x 400.000 = 800.000
Listamenn, efniskostnaður og þóknun	9 x 200.000 = 1.800.000
Hönnun á vefsíðu og prentun	300.000
Ljósmyndun verka	50.000
Internethýsing heimasíðu	6.230
Samtals _____	2.956.230
Tekjur*:	
Reykjavíkurborg (Borgarsjóður)	2.000.000
Ríkissjóður (Myndlistarsjóður)	1.000.000
Samtals _____	3.000.000

*Hér skal gera grein fyrir styrk frá Reykjavíkurborg, öðrum styrkjum og eigin fjáröflun.

Stutt lýsing á framkvæmd verkefnisins:

Undirbúningur við verkefnið átti sér stað sumarið 2018. Þá voru ráðnir tveir sýningarstjórar, Aðalheiður Valgeirsdóttir og Aldís Arnardóttir, til að móta hugmyndir og stýra þessum öðrum áfanga sýningarraðarinnar. Í byrjun september var þessu ferli lokið. Ákveðið var að sýningin bæri heitið *Úthverfi* og ætti sér stað í Breiðholti. Auglýst var eftir tillögum að verkum á meðal félagsmanna Myndhöggvarafélagsins 1. Nóvember. 17. desember var val gert kunnugt á listamönnum sem boðin var þátttaka. Eftirtaldir listamenn tóku þátt: Anssi Pulkkinen, Arnar Ásgeirsson, Baldur Geir Bragason, Halldór Ásgeirsson, Hallsteinn Sigurðsson, Kathy Clark, Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir, Ósk Vilhjálmsdóttir og Sindri Leifsson. Frekari vinna við verkin átti sér stað fram eftir vori, en í apríl var uppsetning verkanna skipulögð og leyfi fyrir uppsetningu aflað. Uppsetning verkanna fór fram í maí í náninni samvinnu við borgina sem sá um uppsetningu. Miðstöð fyrir sýninguna var sett upp í Gerðubergi, með verkum sem tengdust útiverkunum og var hún opin allt sýningartímabilið. Sýningin var opnuð þann 17. maí og stóð til 1. september, en þá voru verkin tekin niður í samvinnu við borgaryfirvöld. Sýningin fékk góða athygli í fjölmiðlum meðan á henni stóð. Eftir sýninguna standa upplýsingar um hana á vefsíðu verkefnisins, *hjolid.is*.

Kyngreindar uppl. um þau sem njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar:

Sýningarstjórar voru tvær konur, en hlutfall sýnenda voru 6 karlar og 4 konur. Viðkomandi nutu þess að taka þátt í verkefninu í skapandi ferli. Aðrir sem nutu verkanna á sýningunni voru íbúar Breiðholts auk annarra gesta sem áttu þess kost að ferðast þangað til að skoða sýninguna. Að öllum líkindum var þar um jafna kynjaskiptingu að ræða.

Dagsetning

Undirskrift

Greinargerðinni skal skilað til:

Skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík merkt Styrkveiting/greinargerð eða á netfangið styrkir@reykjavik.is

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa borgarstjórnar í síma 411-4700, eða á netfanginu styrkir@reykjavik.is

Árið er 2017		
SEQUENCES VIII, Reykjavík, opnaði 6. október 2017		
KOSTNAÐARUPPGJÖR		
Laun og þóknanir		
Sýningarstjóri*	520,000kr	
Framkvæmdastjóri/aðstoðarsýningarstjóri	350,000kr	
Verkefnastjóri uppsetningar, ein greiðsla vegna framleiðslu Seq VIII ; uppsetning, tækjamál. Erling	300,000kr	
Þóknun listamanna	392,000kr	
per diem erlendra listamanna	250,000kr	
Uppsetningarteymi – 2500 kr./klst.*	200,500kr	
Uppsetning - sjálfbóðaliðar, fjölmargar stundir	0kr	
Yfirseta 1700 kr./klst. (4 sýningarstaðir, 10 dagar, 5 klst. á dag)* - eigið fé	0kr	
Samtals	2,012,500kr	
Rekstrar- og umsýslukostnaður		
Þóknun stjórnar (2017)	0kr	
Fundakostnaður	46,690kr	
Hýsing vefsíðu (þegar greitt út 2017)	0kr	
Hýsing vefsíðu (2018-2020)	32,800kr	
Bókhald og endurskoðun - erum ekki skilaskyld	0kr	
Vextir og gjöld	30,000kr	
Póstkostnaður	27,164kr	
Símakostnaður* - ekki greiddur	0kr	
Leiga á skrifstofuhúsnæði í Marshallhúsinu - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Hiti, rafmagn, internet o.fl. varðandi húsnæði - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Aðlögun á heimasíðu – (uppfærslur, forritun) - sparað 2017-2018	0kr	
Samtals	136,654kr	
Rannsóknar- og ferðakostnaður		
Flug listræns stjórnanda - október 2017	65,149kr	
Gisting listræns stjórnanda - 1. - 11. október	160,000kr	
Flug erlendra listamanna - mikilvægt	360,398kr	
Flug - + 4 flug, styrkur icelandair til Kling&Bang - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Gisting erlendra listamanna í SÍM + airbnb	331,125kr	
Gisting - heiðurslistamaður og 2 herb - styrkur icelandair hotels til K&B - eigið fé áb.	0kr	
Samgöngur - taxi + styrkur frá Flybus	15,000kr	
Samtals	931,672kr	
Sýningakostnaður		
Þóknun til New Museum (skv. þeirra kröfu og hefð) - Ragnar Kj. gaf verk til NM.	1,000,000kr	
Leiga á húsnæði (4 sýningarstaðir) - eigið fé ábyrgðaraðila og sýningarstaða	0kr	
Sýning heiðurslistamanns Joan Jonas í Nýlistasafninu		
Nýlistasafnið lagði til viðbótarkostnað - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Sendingakostnaður	542,887kr	
Geymsla á verkum á Íslandi	57,500kr	
Smíði á álrómmum	25,000kr	
Álrammar - efni	27,849kr	
Framleiðslukostnaður - performans í Tjarnarbíói	92,997kr	
Leiga á videoverkum (Electronic Arts Intermix + video databank)	60,577kr	
Tjarnarbíói (gjald til Tjarnarbíós)	251175	
Tryggingar á verkum	114,000kr	

Tækjaleiga (short throw varpi, perugjald Cycle)	75,000kr	
Sýningar annarra listamanna (ath. ávallt er eigið fé listamanna að auki)		Efni+framleiðsla
David Horvitz (silkiprent, innrömmun - Anna Hrund tók prent út, enginn sendikostn.)	158,000kr	ALLS
Eduardo Navarro - framleiðsla á búning	0kr	816,823kr
Rebecca Erin Moran (framköllunarefni etc.)	77,761kr	
Ragnar Helgi Ólafsson (prentun, Reykjavík Letterpress)	74,152kr	
Aki Sasamoto - gámaþjónustan	29,308kr	
Anna K.E. and Florian Meisenberg (upphengi/stangir)	60,650kr	
Nancy Lupo (matarefni)	8,284kr	
Una Sigtryggsdóttir (tape og upphengisystem)	0kr	
Ásgerður Birna Björnsdóttir (gerð þeramína)	60,000kr	
Helena Aðalsteinsdóttir (video, skúlptúrar)	0kr	
Habbý Ósk, video	0kr	
Birgir Andrésón (málning, stensill, græjur)	189,666kr	
Alicja Kwade, sendingakostnaður og pökkun. BER-KEF-BER	0kr	
Roman Ondak (leður og saumaskapur)	0kr	
Hildigunnur Birgisdóttir (skúlptúrar, plexi, prentun, internet)	85,184kr	
Cally Spooner, audition kvöld í Mengi (ritföng)	12,148kr	
Aðstoð við framleiðslu á audition kvöldi, Bigga verki, pr o.fl. Sigþóra Óðinsdóttir	0kr	
Elín Hansdóttir, video film program	0kr	
Sara Magenheimer, video á skjáum (media spilarar, usb, snúrur, leiga á videoum)	61,670kr	
Agnieszka Polska, video	0kr	
Florence Lam (performans)	0kr	
Flutningskostnaður verka	294,366kr	
Veitingar fyrir sjálfbóðaliða í uppsetningu + opnanir	216,362kr	
Samtals	3,574,536kr	
Hönnunar- og prentkostnaður		
Hönnun kynningarefnis (sýningarskrá, boðskort, veggspjöld, fréttabréf, dagskrá, sýningarhönnun, vefsíða o.fl.)	150,000kr	
Prentun kynningarefnis (sýningarskrá, dagskrá, plaköt)	494,264kr	
Samtals	644,264kr	
Prentefni, kynning og miðlun		
Kynningarstjóri* - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Facebook boost	5,953kr	
Textaskrif á vef og samfélagsmiðla - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Textar fyrir sýningarskrá - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Þýðingar - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Skrásetning sýninga - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
Skrásetning á opnunum og öðrum viðburðum - eigið fé ábyrgðaraðila	0kr	
E-flux auglýsingar - sparað	0kr	
Erlendir evrópskir blaðamenn - Flug og gisting (miðað við 4 blaðamenn) (islandsstofa)	500,000kr	
US blaðamenn, 3- flug og gisting (iceland naturally)	637,000kr	
Samtals	1,142,953kr	
SAMTALS KOSTNAÐUR	8,442,579kr	
TEKJUR		
Innlent opinbert fjármagn		
Reykjavíkurborg, þegar veitt á árinu 2017	1,500,000kr	
Reykjavíkurborg, af fé veitt fyrir 2018	800,000kr	
Myndlistarsjóður 2016 og 2017, þegar veitt	2,260,000kr	

Iceland Naturally (blaðamaður, sýningarstjóri í október)	637,000kr	
Íslandsstofa (kynning/evrópskir blaðamenn)	500,000kr	
Utanríkisráðuneytið	500,000kr	
Samtals	6,197,000kr	
Aðrir styrkir (sótt var um í ýmsa sjóði)		
Listaháskólinn - gisting Aki Sasamoto	70,000kr	
TALK Series (flug og gisting sýningarstjóra í febrúar)	0kr	
Framlag til New Museum (einkaframlag: Ragnar Kjartansson gaf verk)	1,000,000kr	
Haugen Gruppen ehf, Eimverk - drykkir á opnunum	0kr	
Samtals	1,070,000kr	
Eigið fé og eigin tekjur - inkind		
Eigið fé – Nýlistasafnið - sérfræðiþekking (Ástþór, Ragnar Már-uppsetning), þóknun heiðurslistamanns. Mannauður, húsnæði, tækjabúnaður er ekki talið í krónum	592,500kr	
Eigið fé – Kling&Bang - 4 flug+12 náttu gisting. Mannauður, húsnæði, tækjabúnaður er ekki talið í krónum	0kr	
Eigið fé – Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar - Mannauður, húsnæði er ekki talið í krónum	0kr	
Tekjur af miðasölu - Gjörningur Joan Jonas @2500 kr.	251,175kr	
Tekjur af sölu á prentum David Horvitz (ongoing, kemur inn 2019)	0kr	
Sala sýningarskráa	5,000kr	
Pegar inn á bankabók SEQ - flutt frá 2016	358,425kr	
Samtals	1,207,100kr	
SAMTALS TEKJUR	8,474,100kr	
Mismunur milli kostnaðar og tekna	31,521kr	
*Launagreiðslur eru verktakagreiðslur, öll launatengd gjöld innifalin		